



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **vinnumál** 2025–2030

Við brúum hæfnibilið



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangsorð	5
Pólitískar áherslur 2025–2030	7
Markmið 1: Tryggja tímanlega og réttláta aðlögun starfsfólks þannig að enginn heltist úr lestinni og að við höfum yfir að ráða fólki með rétta færni til framkvæma græn og stafræn umskipti	8
Markmið 2: Efla framboð á vinnuafli og jöfn tækifæri öllum til handa svo Norðurlönd geti brugðist betur við þörfum vinnumarkaðarins og nýtt færni alls starfsfólks	10
Markmið 3: Efla sanngjarna samkeppni og auka hreyfanleika vinnuaflsins með viðunandi kjörum og færri stjórnsýsluhindunum á Norðurlöndum	12
Markmið 4: Efla gott og öruggt vinnuumhverfi sem er lagað að núverandi og nýjum forsendum og kröfum sem vinnumarkaðurinn býður upp á	14
Úttekt á samstarfsáætluninni	16
Um ritið	17

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-720>

Formáli



Mats Persson, vinnu- og aðlögunarmálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu árið 2019 framtíðarsýn í norrænu samstarfi um að *Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030*. Framkvæmd framtíðarsýnarinnar skiptist á þrjú áherslusvið og er markmiðið að tryggja græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Vinnumarkaðurinn eru máttafstólpi norrænna velferðarsamfélaga og gegnir lykilhlutverki við að gera framtíðarsýnina að veruleika.

Framtíðarsýnin kemur til framkvæmdar á sama tíma og bæði sameiginlegar áskoranir og tækifæri einkenna vinnumarkaði allra Norðurlanda:

- Græn umskipti gera kröfur um umbreytingu á norrænum vinnuörkuðum, að skynsamlega verði fjárfest í sjálfbærri framtíð og að Norðurlönd verði áfram leiðandi á sviði grænnar þróunar.
- Lýðfræðilegar breytingar kalla á að áfram verði hugað að framboði á vinnuafli til þess að tryggja nægt framboð á hæfu starfsfólki svo áfram verði hægt að fjármagna velferðarsamfélög landanna.
- Ýmis ný tækifæri felast í aukinni notkun stafvæðingar, gervigreindar og nýrrar tækni en þetta eykur einnig þörf á umskiptum, færniþróun og að hugað sé að vinnuumhverfi. Þetta á við um atvinnurekendur og launafólk en einnig kjarasamningsbundna ramma vinnumarkaðarins sem norræna velferðarlíkanið byggist á.

Á Norðurlöndum hefur verið samnorrænn vinnumarkaður í meira en sjötíu ár. Þrátt fyrir að löndin séu ólík er það sem við eigum sameiginlegt einstakt og við eigum að nýta það til að finna bestu og sjálfbærustu lausnirnar á sameiginlegum tækifærum og áskorunum landanna. Þess vegna er verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) að beina vinnumarkaðsaðgerðum þangað sem þær gagnast sem flestum íbúum Norðurlanda. Það gerum við með því að fjalla um vinnumarkaðsstefnu, vinnurétt og vinnuumhverfi í löndunum, svæðisbundið og alþjóðlega.

Markmiðið með þessari samstarfsáætlun er að móta stefnu fyrir allt starf og aðgerðir MR-A á árunum 2025-2030. Framtíðarsýn okkar er sú að þannig getum við eflt norrænt samstarf um að sem flest séu í vinnu sem einkennist af góðu vinnuumhverfi, góðum starfskjörum og jafnrétti.

Þannig eflum við aðlögunarhæfni og samkeppnisfærni norrænna vinnumarkaða og gerum Norðurlöndin fær um að ná markmiðum framtíðarsýnarinnar um að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030.



Mats Persson
vinnuáráðgjafi Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangsröð



Í samstarfsáætluninni forgangsröðum við aðgerðum á sviðum þar sem löndin geta með þekkingu sinni, með því að skiptast á reynslu og vinna saman, skapað norrænt notagildi og tryggt betri skilyrði fyrir þróun vinnumarkaða á Norðurlöndum.

Metnaðurinn er að byggja upp lausnir sem nýtast þegar löndin þróa sína stefnu á viðkomandi sviðum. Einnig er metnaðurinn að samhæfa sameiginleg sjónarmið og yfirlýsingar á sviðum þar sem löndin ná meiru fram í sameiningu en hvert um sig.

Til að tryggja norræna nytsemi og framrás í samræmi við framtíðarsýn samstarfsáætlunarinnar er þörf á nánu samstarfi þvert á ráðherranefndir og stöðugt samráð við Norðurlandaráð, félagsamtök og ekki síst aðila vinnumarkaðarins.

Hið sérnorræna vinnumarkaðslíkan er einnig mikilvægt tæki. Ekki aðeins þegar um er að ræða laun og vinnutíma, breyttar aðstæður á vinnumarkaði og menntun, heldur sér í lagi þegar skapa á góðar forsendur til að ná framtíðarsýn Norðurlanda 2030.

Samstarfsáætlunin var samþykkt af MR-A 29. ágúst 2024 og gildir á árunum 2025–2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólítískar áherslur 2025–2030



Fjölmennt og fært vinnuafli, sveigjanlegir vinnumarkaðir, góð starfskjör ásamt góðu og inngildandi vinnuumhverfi eru lykilatriði þess að skapa megi í senn græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Þessi forgangsatríði eru innbyrðis háð hvert öðru og ekkert þeirra er hægt að byggja upp án hinna.

Um leið vill MR-A einnig beina sjónum að sjálfbærri þróun, jafnrétti og sjónarmiðum ungs fólks á næsta áætlunartímabili. MR-A vill taka mið af þessum þverlægðu áherslusviðum í verkefnum og annarri viðeigandi og starfsemi í samstarfi við aðrar ráðherranefndir.

Með hliðsjón af þessu hefur MR-A sett eftirfarandi meginmarkmið og undirmarkmið fyrir starfið á árunum 2025–2030 og miðast þau við þá heildarsýn að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030.

Markmið 1: Tryggja tímanlega og réttláta aðlögun starfsfólks þannig að enginn heltist úr lestinni og að við höfum yfir að ráða fólki með rétta færni til framkvæma græn og stafræn umskipti

Allir með

Margt bendir til að græn og stafræn umskipti muni leiða til fækkunar starfa í sumum greinum um leið og ný störf verða til annars staðar. Mikilvægt er að beina þeim sem eiga á hættu atvinnumissi yfir í aðrar greinar sem eru í vexti. Vinnumarkaðsstefna og fjárfestingar í færniþróun, starfsendurhæfingu og endur- og símenntun gegna mikilvægu hlutverki í þessum umskiptum. Framkvæmd markmiðsins skiptir ekki eingöngu sköpum um hvort græn og stafræn umskipti takist heldur gegnir hún einnig lykilhlutverki varðandi það að ójöfnuður aukist ekki.



Til að ná markmiðinu um að tryggja tímanlega og réttláta aðlögun vinnuafslisins vill MR-A á næsta áætlunartímabili einkum leggja áherslu á að:

**Undirmarkmið
1.1**

Efla þekkingu á því hvernig græn og stafræn umskipti hafa áhrif á norræna vinnumarkaði og færniþörf.

**Undirmarkmið
1.2**

Flýta fyrir grænum og stafrænum umskiptum á vinnumarkaði einnig utan stóru borganna á Norðurlöndum.

**Undirmarkmið
1.3**

Flýta fyrir símenntun og tækifærum til aðlögunar, þar á meðal að skapa betri tækifæri og hvatningu til að velja starfstengdan frama í nánú samstarfi við viðkomandi málefnasvið.

Markmið 2: Efla framboð á vinnuafli og jöfn tækifæri öllum til handa svo Norðurlönd geti brugðist betur við þörfum vinnumarkaðarins og nýtt færni alls starfsfólks

Öll hæfni skiptir máli

Íbúar Norðurlanda eru nokkuð vel menntaðir, búa við allgott jafnrétti og starfa innan ramma norræna vinnumarkaðslíkansins. Líkanið tryggir öryggi, sveigjanleika og aðlögunarhæfni sem leiðir til hás atvinnustigs og framleiðni. Norðurlöndin standa hins vegar frammi fyrir þeirri lýðfræðilegu þróun að fólki á vinnufærum aldri fækkar og eldri borgurum sem þarfnast umönnunar fjölgar. Þetta gerist samhliða því að alltof hátt hlutfall vinnuaflsins er hvorki í námi né vinnu. Á sama tíma eru enn skipulagshindranir víða á norrænum vinnumarkaði sem koma í veg fyrir að færni alls starfsfólks nýtist sem skyldi. Norðurlöndin búa einnig við vaxandi alþjóðlega samkeppni um að geta laðað að sér og haldið hæfu starfsfólki.



Til að ná markmiðinu um eflt framboð á vinnuafli og jöfn tækifæri öllum til handa vill MR-A á komandi áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

Undirmarkmið 2.1

Styrkja þekkingargrunninn til þess að fá fleira fólk í vinnu með sérstakri áherslu á hópa með veika tengingu við vinnumarkaðinn, þar á meðal aldraða, fólk með fötlun, konur af erlendum uppruna utan Evrópu og ungt fólk sem er hvorki í námi né vinnu.

Undirmarkmið 2.2

Efla jafna meðferð og jafnrétti á vinnumarkaði svo Norðurlöndin geti nýtt hæfi alls starfsfólks án tillits til kyns, kynvitundar eða kyntjáningar, uppruna, trúarbragða eða annarra lífsskoðana, fötlunar, kynhneigðar eða aldurs.

Undirmarkmið 2.3

Greina hindranir og hugsanleg úrræði til að laða betur að og halda á viðunandi kjörum hæfu starfsfólki á Norðurlöndum.

Markmið 3: Efla sanngjarna samkeppni og auka hreyfanleika vinnuaflsins með viðunandi kjörum og færri stjórnsýsluhindunum á Norðurlöndum

Réttlát samkeppni

Mikilvægur þáttur í samkeppnisfærni og aðlögunarhæfni Norðurlanda er sanngjörn samkeppni. Hún krefst viðunandi kjara á vinnumarkaði og frjálsrar farar starfsfólks. Þessu fylgja öflugar og samfelldar aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum, brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegu undirboði. Þróun og beiting hins einstaka þríhliða vinnumarkaðslíkans á Norðurlöndum er mikilvæg í þessu starfi. Sama á við um náið samstarf um ESB-mál þegar um er að ræða málefni sem varða Norðurlöndin öll og þegar þarf að skapa skilning og virðingu fyrir norræna vinnumarkaðslíkaninu svo og sjálfsákvörðunarrétti og hlutverki aðila þess.



Til þess að ná markmiðinu um sanngjarna samkeppni og aukinn hreyfanleika starfsfólks mun MR-A á næsta áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

**Undirmarkmið
3.1**

Efla aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og félagslegu undirboði yfir landamæri, meðal annars í norrænu-baltnesku samstarfsneti um brotastarfsemi á vinnumarkaði.

**Undirmarkmið
3.2**

Greiða fyrir hreyfanleika starfsfólks milli Norðurlandanna, meðal annars með afnámi stjórnsýsluhindrana.

**Undirmarkmið
3.3**

Tryggja jafnvægi milli verndar launafólks og sveigjanleika á vinnumarkaði, meðal annars með samstarfi um ESB- mál og við alþjóðlega aðila með virðingu fyrir því sérstaka hlutverki sem aðilar vinnumarkaðarins gegna.

Markmið 4: Efla gott og öruggt vinnuumhverfi sem er lagað að núverandi og nýjum forsendum og kröfum sem vinnumarkaðurinn býður upp á

Skilvirkt atvinnulíf

Öflugur vinnumarkaður krefst góðs vinnuumhverfis og skiptir máli fyrir einstaklinginn en einnig löndin sjálf því hann skapar skilyrði fyrir hagvöxt og fjármögnun velferðarsamfélaga Norðurlandanna. Hins vegar eru ýmsir þættir sem hafa áhrif á og breyta þeim vinnumarkaði sem við þekkjum.

Það er hvernig við vinnum störf okkar en einnig sköpun nýrra tegunda starfa. Á sama tíma er lögð mikil áhersla á sálfélagslegar áskoranir. Launafólk og atvinnurekendur þurfa að aðlagast nýjum skilyrðum og kröfum. Til að það megi takast þurfa aðlögunarferlin að vera réttlát, skilvirk og ingildandi.



Til að ná því takmarki að norrænn vinnumarkaður einkennist einnig í framtíðinni af góðu og öruggu vinnuumhverfi vill MR-A á næsta áætlunartímabili leggja sérstaka áherslu á að:

**Undirmarkmið
4.1**

Greiða fyrir góðu vinnuumhverfi á tímum sóknar blandaðs vinnuumhverfis, fjölgunar á starfsfólki í harkhagkerfinu, nýrra ráðningarkjara og lengri starfsævi.

**Undirmarkmið
4.2**

Auka þekkingargrunn fyrir orsakir, eðli og viðbrögð við sálfélagslegum áskorunum tengdu skipulagi vinnuumhverfis á norrænum vinnumarkaði.

**Undirmarkmið
4.3**

Efla þekkingu á tækifærum og áskorunum á norrænum vinnuörkuðum með aukinni stafvæðingu, þar á meðal notkun gervigreindar.

**Undirmarkmið
4.4**

Greiða fyrir skilvirkum vinnuumhverfisstefnum og eftirlitsaðferðum sem fyrirbyggja starfstengda sjúkdóma, slys, dauðsföll og óásættanlegar vinnuaðstæður.

Úttekt á samstarfsáætluninni



Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um vinnumál 2025–2030

PolitikNord 2024:720

ISBN 978-92-893-7913-7 (PDF)

ISBN 978-92-893-7914-4 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-720>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Imagebank Sweden

Útgáfa: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur